Niðjatal Eiríks Brynjólfs Finnssonar og Kristínar Sigurlínu Einarsdóttur á Ísafirði

Eiríkur Þ. Einarsson
tók saman
í tilefni af niðjamóti á Ísafirði
dagana 23.-25. júlí 2004

Kópavogi í júlí 2004

Niðjatal Eiríks Brynjólfs Finnssonar og Kristínar Sigurlínu Einarsdóttur á Ísafirði

Eiríkur Brynjólfur Finnsson, f. 10. nóv. 1875 á Kirkjubóli (Dal) í Valþjófsdal, d. 9. nóv. 1956 í Reykjavík. Verslunarmaður á Flateyri til 1902, fluttist þá til Ísafjarðar. Verkstjóri þar og fiskmatsmaður. Riddari af Fálkaorðunni 1944. - K. 18. febr. 1899, **Jóhanna Hjálmarsdóttir**, f. 2. júní 1874 á Fjalli á Skagaströnd, Bergsstaðasókn í A-Hún., d. 29. apríl 1905 á Ísafirði. Eiríkur og Jóhanna eignuðust 3 börn, tvö dóu nýfædd. Þau fluttu til Ísafjarðar og bjuggu í Skúla úrsmiðshúsi í manntali 1901. For.: Hjálmar Bergmann Jónsson, f. 11. maí 1857, d. 28. sept. 1935. Fór til Ameríku 19 ára árið 1875 frá Þverárdal í Bólstaðarhlíðarhreppi. Verksmiðjustjóri í Chicago. Tók sér Bergmanns nafnið eftir að hann fór til Vesturheims og Arnfríður Benjamínsdóttir, f. 1849 í Holtastaðasókn. Var með móður sinni í Mörk í Bergsstaðasókn í V-Hún. í manntali 1860, þá 11 ára. Barn þeirra: a) Jóhanna Ögmunda, f. 14. ágúst 1902. - Barnsmóðir **Þórdís Jónsdóttir**, f. 15. mars 1875, d. 31. ágúst 1910. For.: Jón Jónsson, f. 19. sept. 1840, d. 10. febr. 1931 á Þórustöðum í Gufudalssveit. Bóndi á Kleifastöðum í Gufudalssókn til 1884, á Miðhúsum 1884-85, í Gufudal 1887 og k.h. Valgerður Hafliðadóttir, f. 21. ágúst 1846, d. 7. júní 1901 á Hofsstöðum. Þá búsett á Laugabóli við Ísafjörð, síðar húsfreyja á Kleifastöðum í Gufudalssókn, á Miðhúsum og síðast í Gufudal. Hún var húskona á Hofsstöðum er hún lést. Barn þeirra: b) Ingibjörg Bryndís, f. 6. júlí 1908. - K. 19. júlí 1911, **Kristín Sigurlína Einarsdóttir**, f. 29. ágúst 1888 á Hríshóli í Reykhólasveit, d. 16. maí 1968 á Ísafirði. Húsfreyja á Ísafirði. For.: Einar Pétursson, f. 22. ágúst 1851, d. 6. apríl 1918. Einar var þriðji maður Elínar Jóhannesdóttur. Bjó á Hríshóli 1880-1905, húsmaður þar til 1911, bjó síðan í Munaðstungu og á Gróustöðum. Flutti til Ísafjarðar 1914 og k.h. Elín Jóhannesdóttir, f. 28. febr. 1854 á Blámýrum við Ísafjarðardjúp, d. 3. apríl 1920 á Ísafirði. Börn þeirra: c) Jóhann, f. 23. jan. 1912, d) Baldur Trausti, f. 14. júlí 1913, e) Bragi, f. 29. júní 1915, f) Arnfríður, f. 24. júlí 1919, g) Iðunn, f. 9. júní 1921, h) Einar Haukur, f. 8. des. 1923.

1a **Jóhanna Ögmunda Eiríksdóttir**, f. 14. ágúst 1902 á Ísafirði, d. 30. okt. 1909.

Eiríkur Brynjólfur Finnsson og Kristín Sigurlína Einarsdóttir
Örstutt æviágrip

Það hefur fallið í minn hlut að minnast nokkrum orðum föður míns, Eiríks Brynjólfs Finnssonar. Hann var bróðir Sigríðar í Hrauni og Guðnýjar Kristínar Finnsdætra.

Eiríkur var fæddur að Kirkjubóli í Valþjófsdal 10. nóvember 1875, fjórði í röðinni af fimm börnum þeirra hjóna, Guðnýjar Guðnadóttur og Finns Eiríkssonar. Tvö börn þeirra, Eiríkur Mikael og Jónína Elín, létust í bernsku. Auk þessarra fimm barna átti Finnur dóttur, Guðnýju, sem ólst upp í Hrauni og var talin með fjölskyldunni þar á bæ.

Foreldrar Eiríks hófu búskap á Kirkjubóli árið 1870. Tóku þau við búi úr hendi móður Guðnýjar, Gróu Greipsdóttur, og síðari manns hennar, Kristjáns Jónssonar. Fyrri mann sinn, Guðna Jónsson, missti Gróa er hann fórst í hákarlalegu í ofsaveðri 10. janúar 1852.

Þau hjónin, Gróa og Kristján voru barnlaus, en tóku í fóstur bróðurdóttur Kristjáns, Jóhönnu Jónsdóttur. Giftist hún síðar Davíð Davíðssyni og bjuggu þau í

Eiríkur Brynjólfur Finnsson

Eiríkur og Kristín með synina Jóhann og Baldur

baðstofunni á Krikjubóli þar til þau fluttust að Álfadal 1890.

Eiríkur ólst upp á Kirkjubóli og vandist þeim störfum sem þá voru algengust til sveita, svo sem fjárgæslu, heyskap, smalamennsku og hvað það nú heitir allt saman. Kristján stjúpfaðir Guðnýjar, var frábærlega vel að sér um flesta hluti, og nutu systkinin kennslu hans í lestri, skrift og reikningi. Bjó hann þau einnig undir fermingu. Var Eiríkur fermdur í kirkjunni í Holti í Önundarfirði, prestur var þá séra Janus Jónsson.

Eiríkur hóf snemma sjóróðra með föður sínum. Var þá róið frá Kífeyri. Varð það föst venja að hefja róðra síðsumars eða að hausti að loknum heyönnum. Ekki veit ég hvort hann hefur verið með í “skötu-róðrinum mikla”, sem svo var nefndur, en þá veiddust 49 stórar skötur. Minnstist Finnur faðir hans oft á þennan róður og lauk frásögn sinni jafnan með þessum orðum: “Mikill déskoti gat verið af skötunni!”.

Á 15. aldursári fór Eiríkur til náms að Haukadal í Dýrafirði en þá var rekinn þar

skóli fyrir unglinga á vegum Matthíasar Ólafssonar síðar alþingismanns. Þar var hann um tveggja vetra skeið við gott atlæti þeirra hjóna, Matthíasar og konu hans Marsibilar Ólafsdóttur. Tengdust þar vina-bönd sem biluðu eigi meðan báðir lifðu. Auk hinna almennu greina sem þar voru kenndar fór fram kennsla í tungumálum, dönsku og ensku. Nýttist honum það nám vel síðar á ævinni í samskiptum við útlenda menn, en þau urðu umtalsverð með árunum.

Árin 1888 og 1889 var Eiríkur við hákarlaveiðar, fyrra árið á kútter Sigríði,

Ragnheiður, Bragi með Eirík Brynjólf, Eiríkur Br. Finnsson og Kristín S. Einarsdóttir, Böðvar Bragason fyrir framan

eign Ásgeirsverslunar á Ísafirði. Skipstjóri var þá Helgi Andrésson, einn þekktasti skipstjórnarmaður þar vestra á þeim árum, frábær sjómaður, stjórnsamur og hinn mesti hirðumaður. Síðara árið var Eiríkur á kútter Guðnýju, þá með Eyjólfi Bjarnasyni skipstjóra, alkunnum aflamanni og sjómanni. Taldi Eiríkur sig eiga þessum mönnum mikið að þakka og hafa lært af þeim margt sem síðar átti eftir að koma honum í góðar þarfir.

Árið 1890 réðist Eiríkur til starfa hjá útibúi Ásgeirsverslunar á Flateyri. Varð hann verkstjóri þar. Fór þegar í upphafi gott orð af honum fyrir vandvirkni og stjórnsemi. Um aldamótin stóð svo á að Ásgeirsverslun á Ísafirði þurfti á verkstjóra að halda en þar í bæ voru höfuðstöðvar þess fyrirtækis. Var þá leitað til Eiríks um að taka þetta umfangsmikla starf að sér. Féllst hann á það og flutti til Ísafjarðar árið 1901, þá á 26. aldursári. Gerðist hann yfir-verkstjóri þar og gengdi því starfi allt þar til fyrirtækið var selt 1. des. 1918. Kaupendur Ásgeirsverslunar voru Hinar sameinuðu íslensku verslanir, er héldu áfram rekstri í Neðstakaupstaðnum þar til þær hættu störfum undir árslok 1926. Var Eiríkur í þjónustu þeirra til þess tíma.

Baldur, Iðunn, Bragi, Adda, Jóhann

Í ársbyrjun 1927 tók hann á leigu Edinborgareignirnar svonefndu á Ísafirði og hafði þar á hendi fiskverkun í allstórum stíl. Á þeim árum voru tveir togarar gerðir út frá Ísafirði. Tók hann við afla þeirra til verkunar og ennfremur keypti hann fisk af nokkrum bátum. Var .því líflegt um hans daga í Edinborg. Á Edinborgarárunum rak hann einnig nokkurn vísi að búskap, hafði þá sex mjólkandi kýr í fjósi. Var til þessa

Adda, Eiríkur Br., Haddi, Kristín með Kristínu Ellen, Iðunn og Birgir Baldursson

búrekstrar – ef svo má segja – stofnað fyrst og fremst til heimilisþarfa, börnin orðin sex að tölu auk fólks sem fékk þar máltíðir um lengri eða skemmri tíma. Þá var og mikill gestagangur á heimilinu, þangað komu vinir og vandamenn, jafnvel viðskiptamenn svo sem bændur úr Ísafjarðardjúpi og víðar að. Engum var úthýst þótt húsrúm væri ekki alltaf mikið.



Samsæti fyrir utan Faktorshús í Neðstakaupstað á Ísafirði um 1900.
A get-together outside the Factorshouse at Neðstikaupstaður, Ísafjörður around 1900.

Þegar leið á þriðja áratuginn, einkum árin 1928 og 1929, gerðu verulegir erfiðleikar vart við sig. Fiskurinn féll í verði á erlendum mörkuðum, þegar heimskreppan var að skella á. Átti það einkum við um svonefndan Spánarfisk. Fóru leikar svo að Eiríkur hætti rekstri í Edinborg síðla árs 1929. Tók þá Togarafélag Ísfirðinga hf. við rekstri Edinborgar og gekk hann í þjónustu þess. Starfaði hann hjá því fyrirtæki allt til ársloka 1936, en þá hætti togarafélagið rekstri. Ólafur Kárason kaupmaður á Ísafirði tók þá Edinborg á

Kristín S. Einarsdóttir sjötug

leigu og rak þar fiskverkun til ársloka 1937 er hann neyddist til að leggja árar í bát.

Næstu tvö árin starfaði Eiríkur við fiskmat á Ísafirði eða þar til stofnað var nýtt útgerðarfélag um togarann Skutul frá Ísafirði. Réðist hann til þessa nýja félags sem tók Neðstakaupstaðinn á leigu og hafði þar allumfangsmikla starfsemi með höndum næstu tvö árin eða þar til togarinn var seldur úr bænum. Fékk hann.þá til íbúðar Faktorshúsið svonefnda á Ísafirði og þar átti hann síðan heima til æviloka. Var sem nýtt líf færðist í hann er hann var kominn á fornar slóðir á ný þar sem hann hafði verið svo til einráður um allt er að rekstri stöðvarinnar laut. Á mestu manndóms-árum sínum var hann þar kóngur í sínu ríki.

Eftir starfslok togarafélagsins gengdi Eiríkur ekki föstu starfi enda kominn þá hátt á sjötugsaldur, en hann hafði umsjón með húsunum í Neðsta. Var þá stundum

Eiríkur og Guðný Finnsdóttir hálfsystir hans

leitað til hans um umsjón með fiskverkun af Ísafjarðarbátunum. Nokkur síðustu starfsárin fékkst hann auk þess við fiskmat fram til ársloka 1945. Hætti hann þá störfum 70 ára að aldri.

Hér hefi ég rakið í stórum dráttum starfsferil Eiríks Brynjólfs Finnssonar.

Kristín Sigurlína Einarsdóttir

Hann hafði farið til lækninga til Reykjavíkur í nóvember 1956 og hafði hann gengist undir aðgerð á augum og fengið nokkra bót. Hann veiktist skyndilega um hádegi þann 9. nóvember og andaðist í Reykjavík síðar þann dag, degi fyrr en hann yrði 81 árs. Minningarathöfn fór fram í Dómkirkjunni í Reykjavík að viðstöddu fjölmenni, en útförin var gerð frá Ísafjarðarkirkju nokkru síðar og var það ein fjölmennasta útför sem fram hafði farið fram á Ísafirði svo elstu menn mundu.

Kristín S. Einarsdóttir og börn hennar Bragi, Iðunn, Einar Haukur, Baldur, og Jóhann Eiríksbörn

Hvílir hann ásamt síðari konu sinni í kirkjugarðinum á Ísafirði.

Eiríkur var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Jóhanna Hjálmarsdóttir, dóttir Arnfríðar Benjamínsdóttur, sem ættuð var úr Húnaþingi og Hjálmars Bergmann Jónssonar prests Jónssonar að Stað á Reykjanesi og fyrr í Gerðhömrum í Dýrafirði. Hjálmar var hálfbróðir frú Margrétar, móður séra Jóns Auðuns dómkirkjuprests og þeirra systkina. Eignuðust þau Eiríkur þrjú börn, tvö þeirra dóu við fæðingu og dótturina Jóhönnu Ögmundu, en móðir hennar dó þegar hún fæddist. Jóhanna Ögmunda dó á fimmta ári árið 1909. Hvíla þau í krikjugarðinum á Ísafirði skammt þar frá sem Eiríkur hvílir.

Einar Haukur, Bragi og Jóhann Eiríkssynir

Jóhann, Baldur, Dúa, Adda, og Einar Haukur

Seinni kona Eiríks var Kristín Sigurlína Einarsdóttir frá Hríshóli í Reykhólasveit. Hún var dóttir hjónanna Elínar Jóhannesdóttur frá Blámýrum í Ögursveit og Einars Péturssonar frá Rauðseyjum á Breiðafirði. Eignuðust þau hjónin sex börn sem öll komust til fullorðinsára. Af þeim lifa nú aðeins tvö sem bæði eru stödd hér í dag.

Milli kvenna eignaðist Eiríkur dóttur, Ingibjörgu Bryndísi, sem nú er látin. Móðir hennar hét Þórdís Jónsdóttir og var systir Bernharðs Jónssonar í Hrauni. Hún dó skömmu eftir að Ingibjörg fæddist. Var Ingibjörgu komið í fóstur að Hrauni þar sem hún ólst upp sem ein af systkinunum.

- -

Í ársriti Sögufélags Ísfirðinga fyrir árið 1975 birtist grein eftir Jóhannes Davíðsson bónda í Neðri-Hjarðardal í Dýrafirði. Nefnist grein þessi *Sögubrot af Finni Eiríkssyni og Guðnýju Guðnadóttur í Dal.*

Eiríkur Brynjólfur Finnsson situr við Brennihúsið

Á einum stað í grein þessari segir Jóhannes svo:

> Hún [Guðný] var ekki lærð ljósmóðir en tók samt á móti 52 börnum um ævina.

Síðar segir hann:

> Sögn er í ættinni um það að Guðnýju hafi, er hún var ógift stúlka, dreymt það að huldumaður leitaði hjálpar hennar handa konu sinni í barnsnauð sem hún veitti og hét hann henni að launum að henni skyldi aldrei mislánast með konur hvað og kom fram.

Þessi frásögn Jóhannesar rifjar upp það sem ég heyrði í æsku að faðir minn Eiríkur Br. Finnsson hafi verið meðvitaður um að hann var ekki einsamall er hann sat yfir fé úti í haga á bernsku– og æskuárum sínum. Heimildarmaður minn minnir mig að hafi verið Jóhannes Davíðsson. Sagði hann mér að faðir minn hafi margoft orðið þess var að fjárhópurinn sem hann sat yfir hafi verið stærri en sá sem hann átti að gæta. Lét Jóhannes þess getið að í nokkur skipti hafi hann orðið var við ungling á stjái umhverfis fjárhópinn. Fannst honum hann vera bláklæddur. Fór hann jafnan undan er reynt var að hafa samband við hann.

Sá var háttur Eiríks að ganga snemma til hvílu. Á seinustu æviárum átti hann erfitt með svefn og þótt móður minni Kristínu dveldist niðri um skeið varð hann þess jafnan var er hún kom upp á stigapallinn framan við svefnherbergið í Neðsta. Kom þá fyrir að hún stansaði örskotsstund framan við dyrnar. Þá átti hann til að spyrja hana við hvern hún hafi verið að tala frammi á stigapallinum. Hún svaraði því til að enginn hefði verið þar annar en hún og spurði jafnframt hvort hann hefði séð einhvern þar frammi. Féll þá tal hans niður og vildi hann ekki ræða frekar um þetta fyrirbæri.



Eiríkur Brynjólfur og Kristín Ellen

Eiríkur Brynjólfur Finnsson

Það var fastur siður föður míns að ganga út að fiskhúsunum á kvöldin áður en hann gekk til náða. Gekk hann þá úr skugga um að allt væri frágengið eins og ætlast var til, húsin læst og ýmsir hlutir á sínum stað. Það var svo einhverju sinni að faðir minn kom inn eftir eina slíka kvöldgöngu. Heyrði ég hann þá segja móður minni að hann hafi séð tvo menn ganga á undan sér inn gólfið í vöskunar-húsinu. Sagðist hann hafa þekkt þessa menn, það voru þeir Árni Jónsson,

verslunarstjóri í Neðstakaupstaðnum og Ásgeir G. Ásgeirsson aðalforstjóri Ásgeirsverslunar, sem gengu inn gólfið á undan honum og hurfu er beygja kom á gangveginn. Ég heyrði þessa frásögn föður míns og álpaðist til að spyrja hann hvort hann hafi ekki orðið hræddur að sjá þessa sýn. Hræddur, tók hann upp eftir mér, hélstu að ég hafi verið hræddur við þessa menn?

Eiríkur andaðist þann 9. nóvember 1956, degi fyrr en hann yrði 81 árs gamall. Hann dó á heimili Braga sonar síns og Ragnheiðar konu hans eins og áður er fram komið. Hann hafði gengist undir aðgerð á augum og í símtali sem ég átti við hann fáum dögum fyrir andlátið lét hann mjög vel af því að aðgerðin hefði heppnast. Örfáum dögum síðar háði hann sitt dauðastríð sem stóð ekki langan tíma, en hann sat í fangi Braga og gaf þannig upp öndina. Áður en hann skildi við heyrðist hann tala við ýmsa sem hann nefndi ekki á nafn, heilsaði á báða bóga. Komdu sæll, nei ert þú þarna? - Blessaður og sæll, gaman að sjá þig, og þar fram eftir götunum uns hann að síðustu lagði aftur augun og lauk þar með ævi sinni.

Frá Ísafirði

Fiskvinna á ísafirði á ofanverðri 20. öld

Hvar áttu þau heima?

Foreldrar mínir, hjónin Kristín S. Einarsdóttir og Eiríkur Brynjólfur Finnsson kynntust fyrst í húsi Bökunarfélags Ísfirðinga, - svonefndu Félagsbakaríi – þar sem Guðríður Steinbach rak matsölu á þeim árum. Móðir mín réðist til starfa hjá Guðríði er hún flutti til Ísafjarðar, líklega árið 1908.

Þau Kristín og Eiríkur giftust árið 1911 og fengu þá inni hjá Jóhanni Þorsteinssyni, kaupmanni á Ísafirði, en hann átti þá hús og lóð við Silfurgötu. Húsið stóð í raun og veru inni í Brunngötu, en þar bjó síðar Einar Oddur Kristjánsson gullsmiður og fjölskylda hans um margra ára skeið. Í þessu húsi við Brunngötu voru þeir fæddir bræðurnir Jóhann, Baldur og væntanlega Bragi líka. En þegar Hinar sameinuðu íslensku verslanir tóku við rekstri í Neðstakaupstaðnum um 1918 fluttu þau Kristín og Eiríkur ásamt sonum sínum niður í svonefnda Gömlu búð í Neðsta, sem þá hafði verið innréttuð sem íbúðarhús. Þar fæddust svo yngri börn þeirra, þau Arnfríður 1919, Iðunn 1921 og Einar Haukur 1923. Árið 1927 tók Eiríkur Edinborgareignirnar á leigu og flutti þá fjölskyldan í húsið Aðalstræti 12, syðri hlutann, og bjó þar til ársins 1929 að flutt var í norðurhlutann á sama húsi, en þá hafði Eiríkur hætt eigin rekstri í Edinborg, en réðist til Togarafélags Ísfirðinga, sem hann starfaði síðan hjá til ársins 1935. Næstu tvö árin átti fjölskyldan heima í þessu húsi, en árið 1936 kaupir Kaupfélag Ísfirðinga Edinborg og flutti fjölskyldan .þá í húsið Aðalstræti 11 – svonefnt Loftar-hús – kennt við Loft Gunnarsson kaup-mann sem þá hafði nokkrum árum áður hætt starfsemi. Til gamans má geta þess að í Loftarhúsi bjó Björn Björnsson og fjölskylda hans, en Björn réðist í þjónustu Kaupfélagsins þegar það eignaðist Edinborg og höfðu þeir þannig íbúðaskipti því að Björn flutti með fjölskyldu sína í Edinborgarhúsið.

Þau Kristín, Eiríkur og börn þeirra sem þá voru heimavið, áttu síðan heima í Aðalstræti 11, þar til faðir minn réðist til starfa hjá Togarafélaginu Val hf., sem tók Neðstakaupstaðinn á leigu undir árslok 1938 og fékk hann þá til íveru Faktorshúsið svonefnda í Neðsta. Þar undu þau sér vel gömlu hjónin sérstaklega vegna þess að Árni Jónsson verslunarstjóri Ásgeirsverslunar á Ísafirði hafði tilkynnt föður mínum að hann ætlaði að sjá til þess að hann fengi Faktorshúsið til eignar og umráða þegar fyrirtækið var selt árið 1918. Árni gat ekki fylgt eftir þessari ætlan sinni því að hann var þá orðinn helsjúkur maður og ekki áhugi hjá erfingjum að verða við ósk hans.

Í þessu húsi átti faðir minn síðan heima til dánardags, 9. nóvember 1956, en hann lést á heimili Braga sonar síns að Miklubraut 20 í Reykjavík.

Eftir andlát Eiríks átti Kistín heima áfram í Neðstakaupstaðnum. Bjó hún þar ásamt syni sínum Jóhanni þar til hún flutti í Hafnarstræti 1, húsi Elíasar Pálssonar kaupmanns. Síðan flutti hún í Fjarðarstræti 33 og enn síðar til Iðunnar dóttur sinnar að Túngötu 7 á Ísafirði þar sem hún og Böðvar Sveinbjarnarson maður hennar höfðu eignast húsnæði. Bjó hún þar til dauðadags 19. maí 1968 en þann dag andaðist hún á Sjúkrahúsinu á Ísafirði.

Kópavogi í júlí 2004,
Einar H. Eiríksson



Faktorshúsið í Neðsta

Ingibjörg Bryndís Eiríksdóttir

Ingibjörg Bryndís Eiríksdóttir

1b **Ingibjörg Bryndís Eiríksdóttir**, f. 6. júlí 1908 á Ísafirði, d. 6. júní 1999 í Reykjavík. - M. 30. nóv. 1946, (skilin), **Jóhannes Rasmus Jóhannesson**, f. 18. des. 1918. For.: Johannes Rasmus, f. 26. des. 1881, d. 22. nóv. 1934 og Helga Finnbogadóttir, f. 27. mars 1891 á Ísafirði, d. 15. febr. 1973 í Reykjavík. Húsfreyja í Reykjavík. Börn þeirra: a) Þórdís Guðfinna, f. 18. nóv. 1942, b) Sigríður, f. 22. des. 1948.

2a **Þórdís Guðfinna Jóhannesdóttir**, f. 18. nóv. 1942 í Reykjavík. Hjúkrunarkona og húsmóðir. - M. **Sveinn Hilmar Steingrímsson**, f. 20. sept. 1935 í Reykjavík. Rafvirki í Reykjavík. For.: Steingrímur Sveinsson, f. 28. júní 1906 á Skaftárdal. Hjá foreldrum sínum á Skaftárdal til 1918, í Langholti 1918-19, léttadrengur og síðan vinnumaður í Seglbúðum 1919-29, fór þá til Vestmannaeyja, lærlingur í vélsmiðju þar 1930, kom til Reykjavíkur 1931, verkamaður þar 1939, verkstjóri þar 1948 og enn 1963 og k.h. Bjarnheiður Sigurðardóttir, f. 11. apríl 1912 í Vetleifsholti, d. 14. febr. 1948. Börn þeirra: a) Ingibjörg Bryndís, f. 15. júní 1963, b) Heiða Margrét, f. 4. sept. 1965, c) Guðbjörg, f. 3. ágúst 1971.

3a **Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir**, f. 15. júní 1963 í Reykjavík. Leikskólakennari í Keflavík. - Barnsfaðir **Hinrik Gunnar Hilmarsson**, f. 28. júlí 1958 í Reykjavík. For.: Hilmar Eyjólfsson, f. 3. jan. 1934 í Reykjavík. Bifreiðarstjóri á Seyðisfirði og k.h. (skildu) Bergljót Gunnarsdóttir, f. 23. febr. 1938 í Reykjavík. Húsmóðir í Reykjavík. Barn þeirra: a) Sunna Dís, f. 11. apríl 1981. - M. 3. nóv. 1984, **Einar Helgi Aðalbjörnsson**, f. 24. júní 1957 í Keflavík. For.: Aðalbjörn Halldórsson, f. 8. febr. 1926 á Ísafirði, d. 5. maí 1983. Sjómaður í Keflavík og Ásgerður Runólfsdóttir, f. 26. júlí 1924 á Kornsá, d. 15. jan. 1993. Börn þeirra: b) Einar Orri, f. 28. okt. 1989, c) Egill Darri, f. 1. sept. 2000.

4a **Sunna Dís Ingibjargardóttir**, f. 11. apríl 1981 í Reykjavík.

4b **Einar Orri Einarsson**, f. 28. okt. 1989 í Keflavík.

4c **Egill Darri Einarsson**, f. 1. sept. 2000 í Keflavík.

3b **Heiða Margrét Hilmarsdóttir**, f. 4. sept. 1965 í Reykjavík. ~ **Ásgeir Helgi Erlingsson**, f. 22. febr. 1962. For.: Páll Erlingur Pálsson, f. 26. júlí 1926 á Eyrarbakka. Málarameistari í Reykjavík og k.h. Anna Sigurjóna Halldórsdóttir, f. 28. ágúst 1929 í Arnarfirði, V-Ís. Börn þeirra: a) Eyþór Páll, f. 14. okt. 1985, b) Þórdís Anna, f. 8. mars 1992, c) Hilmar Eyþór, f. 22. jan. 1997.

4a **Eyþór Páll Ásgeirsson**, f. 14. okt. 1985.

4b **Þórdís Anna Ásgeirsdóttir**, f. 8. mars 1992.

4c **Hilmar Eyþór Ásgeirsson**, f. 22. jan. 1997.

3c **Guðbjörg Hilmarsdóttir**, f. 3. ágúst 1971 í Reykjavík.

2b **Sigríður Bernharðs Guðmundsdóttir**, f. 22. des. 1948 á Ísafirði. Kjördóttir Guðmundar Jóns Daníels Marsellíussonar og Elínar konu hans, en dóttir Ingibjargar Eiríksdóttur Brynjólfs Finnsonar. Ljósmóðir og húsmóðir í Reykjavík. - M. 6. febr. 1971, **Bergur Jónsson**, f. 16. júní 1945 í Reykjavík. For.: Jón Guðjónsson, f. 15. ágúst 1910 í Reykjavík (15. sept. (Leiksk.)), d. 5. ágúst 1992. Verslunarmaður og k.h. Sigríður Sveinsdóttir, f. 20. júní 1914 í Vík, d. 8. sept. 1995. Hjá foreldrum sínum í Vík til 1933, fór þá til Reykjavíkur, húsmóðir þar 1939 og enn 1962. Börn þeirra: a) Sveinbjörg, f. 14. des. 1970, b) Guðmundur, f. 7. júlí 1973, c) Bragi, f. 28. júlí 1978.

3a **Sveinbjörg Bergsdóttir**, f. 14. des. 1970. Barn hennar: a) Bergur Tareq, f. 14. apríl 2000.

4a **Bergur Tareq Tamimi**, f. 14. apríl 2000.

3b **Guðmundur Bergsson**, f. 7. júlí 1973.

3c **Bragi Bergsson**, f. 28. júlí 1978.



Frá Ísafirði

Jóhann Eiríksson og Halldóra Guðmundsdóttir

Jóhann fæddist á Ísafirði 23. janúar 1912. Hann var elstur sex alsystkina sinna, Baldurs, Braga, Arnfríður (Öddu), Iðunnar og Einars Hauks. Auk þess átti hann eina hálfsystir, Ingibjörgu.Jóhann eða Haddi eins og hann var alltaf kallaður ólst upp á Ísafirði.

Hann fékk ekki langa skólagöngu, eins og mörg systkina hans, en hann hóf snemma störf hjá föður sínum, sem var um langt skeið verkstjóri við saltfiskverkun á Ísafirði, en saltfiskur var þá helsta úflutningsvara landsmanna.

Faðir hans var annálaður dugnaðarmaður og kröfuharður um vönduð vinnubrögð við saltfiskverkunina. Jóhann sonur hans fékk því strangan skóla og mikla reynslu við verkun saltfisks frá fyrsta handtaki til þess síðasta, og að þeim lærdómi bjó hann ævilangt.

Margir kunnir dugnaðarmenn unnu undir verkstjórn Eiríks og var Jóhann jafnan talinn þar með fremstu mönnum. Samviskusemi og reglusemi einkenndu öll störf Jóhanns fyrr og síðar, enda ávann hann sér traust allra, sem hann átti samskipti við á lífsleiðinni.

Jóhann stundaði sjómennsku um skeið og var háseti á togaranum Hávarði Ísfirðingi hjá þeim kunna aflamanni Ingvari Einarssyni. Þá fór hann í siglingar um tíma á skipum Eimskipafélagsins Goðafossi og Dettifossi.

Leið hans lá þó aftur í land og að nýju til starfa við hlið föður síns, og varð þá hans hægri hönd í daglegum störfum og sá þá jafnframt um útreikning vinnulauna og ýmis skrifstofustörf. Þekking hans og reynsla við saltfiskverkun leiddu til þess að hann fór að vinna við fiskmat og var ráðinn yfirfiskmatsmaður á Vestfjörðum, sem hann gegndi lengi, en síðan varð hann deildarstjóri við Fiskmat ríkisins, þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir.

Jóhann kvæntist 31. desember 1957 Halldóru Guðmundsdóttur hjúkrunarfræðingi og komu þau sér upp fallegu og hlýlegu heimili á Hafnarstræti 17 á Ísafirði, bjó hann þar allt til dauðadags.

Jóhann var alla tíð ákaflega heimakær og góður faðir og afi. Hann var í eðli sínu hlédrægur og tranaði sér hvergi fram, en öllu, sem hann tók að sér, skilaði hann með mestu ágætum. Hann hafði fastmótaðar skoðanir og lét hvergi hlut sinn, ef því var að skipta, en var jafnan réttsýnn og sanngjarn í hverju máli.

Jóhann stjórnaði kosningaskrifstofu Sjálfstæðisflokksins á Ísafirði margar undanfarnar alþingis- og bæjarstjórnarkosningar og vann það starf af alúð og röggsemi, eins og honum var lagið. Hann var einn af stofnendum Lionsklúbbs Ísafjarðar árið 1957 og var virkur félagi alla tíð og hlaut ýmsar viðurkenningar klúbbsins. Jóhann var um árabil áhugasamur laxveiðimaður og fóru þau hjónin oft saman í laxveiðitúra.

Hann var fróðleiksfús, sjálfmenntaður og las mikið af góðum bókum og átti gott bókasafn. Hann hafði sérstakan áhuga á fróðleik um fjarlæg lönd og þjóðir og las mikið erlend tímarit um þau efni.

Jóhann lést á Landakotsspítala 13. júlí 1991.

1c **Jóhann Eiríksson**, f. 23. jan. 1912 á Ísafirði, d. 13. júlí 1991 í Reykjavík. Fiskmatsmaður á Ísafirði. - K. 31. des. 1957, **Ingunn María Halldóra Guðmundsdóttir**, f. 6. júlí 1923 í Bolungarvík. Hjúkrunarkona og húsmóðir á Ísafirði. For.: Guðmundur Steinsson, f. 16. okt. 1874, d. 7. nóv. 1923. Sjómaður í Bolungarvík og Jóna Sigríður Halldórsdóttir, f. 13. sept. 1879, d. 28. des. 1956. Húsmóðir í Bolungarvík. Börn þeirra: a) Eiríkur Kristinn, f. 15. okt. 1956, b) Svanhvít Guðrún, f. 21. sept. 1957, c) Jóhann Ingdór, f. 10. nóv. 1959, d) Guðbjörn Salmar, f. 16. nóv. 1962. Sonur Halldóru: e) Þráinn Sigurðsson, f. 9. janúar 1954.

Eiríkur Kristinn Jóhannsson, Jóhanna Björg Aðalsteinsdóttir og Sverrir Vídalín

2a **Eiríkur Kristinn Jóhannsson**, f. 15. okt. 1956 á Ísafirði. Verkstjóri á Ísafirði. - K. 31. des. 1987, **Jóhanna Björg Aðalsteinsdóttir**, f. 2. maí 1961 Stykkishólmi. Húsmóðir og tækniteiknari á Ísafirði. For.: Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson, f. 5. ágúst 1923 á Hvallátrum. Skipasmiður og k.h. Anna Margrét Pálsdóttir, f. 17. maí 1929 í Berufirði, Reykhólahr., A-Barð. Húsfreyja í Reykjavík. Börn þeirra: a) Sverrir, f. 20. nóv. 1989, b) Aðalsteinn Eyjólfur, f. 10. ágúst 1993, c) Arnfríður Björg, f. 10. ágúst 1993, d) Jóhann, f. 10. ágúst 1993, e) Jóhann Aðalsteinn, f. 15. jan. 1997.

3a **Sverrir Vídalín Sigurðsson**, f. 20. nóv. 1989. Fóstursonur.

3b **Aðalsteinn Eyjólfur Eiríksson**, f. 10. ágúst 1993 í Reykjavík, d. 16. ágúst 1993 þar.

3c **Arnfríður Björg Eiríksdóttir**, f. 10. ágúst 1993 í Reykjavík, d. 25. ágúst 1993 þar.

3d **Jóhann Eiríksson**, f. 10. ágúst 1993 í Reykjavík, d. 10. ágúst 1993 þar.

3e **Jóhann Aðalsteinn Eiríksson**, f. 15. jan. 1997 Reykjavík, d. 15. jan. 1997 þar. Fæddur andvana.

Svanhvít Guðrún Jóhannsdóttir, Hanna Dóra Arnarsdóttir, Ingunn María, Ólafur Páll Ólafsbörn og Ólafur Þór Gunnlaugsson

2b **Svanhvít Guðrún Jóhannsdóttir**, f. 21. sept. 1957 á Ísafirði. Læknaritari í Reykjavík. - Barnsfaðir **Arnar Guðmundsson**, f. 6. ágúst 1956 á Bíldudal. For.: Guðmundur Rúnar Einarsson, f. 3. apríl 1936 á Siglufirði. Vélstjóri á Bíldudal, síðar garðyrkjumaður á Reykjaflöt, Hrunamannahr. og k.h. Erla Sigmundsdóttir, f. 4. sept. 1936 á Gilsbakka á Bíldudal. Barn þeirra: a) Halldóra Jóhanna, f. 26. jan. 1976. - M. 29. ágúst 1992, **Ólafur Þór Gunnlaugsson**, f. 12. jan. 1955. Sundþjálfari. For.: Gunnlaugur Birgir Daníelsson, f. 18. maí 1931 í Reykjavík, d. 28. apríl 1998 og Elín Bjarnveig Ólafsdóttir, f. 17. nóv. 1923 í Reykjavík. Börn þeirra: b) Ólafur Páll, f. 5. maí 1990, c) Ingunn María, f. 1. mars 1994.

3a **Halldóra Jóhanna Arnarsdóttir**, f. 26. jan. 1976. Búsett í Noregi.

3b **Ólafur Páll Ólafsson**, f. 5. maí 1990.

3c **Ingunn María Ólafsdóttir**, f. 1. mars 1994 á Ísafirði.

2c **Jóhann Ingdór Jóhannsson**, f. 10. nóv. 1959 á Ísafirði. Vélstjóri á Ísafirði. - K. **Beáta Kinga Joó**, f. 25. jan. 1963 í Ungverjalandi. For.: Ete Laszló Joó, f. 19. nóv. 1937 og Tihanyi Eleonóra Joóné, f. 1. jan. 1932. Börn þeirra: a) Hanna Lára, f. 20. nóv. 1994, b) Aron Ottó, f. 11. nóv. 1996, c) Hilmar Adam, f. 15. júlí 1998.

3a **Hanna Lára Jóhannsdóttir**, f. 20. nóv. 1994 í Reykjavík.

3b **Aron Ottó Jóhannsson**, f. 11. nóv. 1996 á Ísafirði.

Jóhann Ingdór Jóhannsson, Beata Kinga Joó, Aron Ottó, Hilmar Adam og Hanna Lára Jóhannsbörn

3c **Hilmar Adam Jóhannsson**, f. 15. júlí 1998 í Reykjavík.

2d **Guðbjörn Salmar Jóhannsson**, f. 16. nóv. 1962 á Ísafirði. - K. 10. maí 1986, (skilin), **Ingibjörg Snorradóttir Hagalín**, f. 4. ágúst 1962 á Ísafirði. Skrifstofumaður og húsfreyja á Ísafirði. For.: Snorri Edvin Hermannsson, f. 2. apríl 1934 á Látrum, Sléttuhr. Húsasmíðameistari og k.h. Auður Hrafnsdóttir Hagalín, f. 23. nóv. 1938 í Reykjavík. Símritari og húsfreyja á Ísafirði. Börn þeirra: a) Edda María, f. 26. ágúst 1982, b) Auðunn Bragi, f. 26. nóv. 1986, c) Salmar Már, f. 3. maí 1994.

Auðunn Bragi Salmarsson, Halldóra Guðmundsdóttir, Edda María Salmarsdóttir, Salmar Jóhannsson og Salmar Már Salmarsson

3a **Edda María Salmarsdóttir Hagalín**, f. 26. ágúst 1982 á Ísafirði.

3b **Auðunn Bragi Salmarsson Hagalín**, f. 26. nóv. 1986 á Ísafirði.

3c **Salmar Már Salmarsson Hagalín**, f. 3. maí 1994 á Ísafirði.

2 e **Þráinn Sigurðsson**, f. 9. Janúar 1954 á Ísafirði. Jarðfræðingur í Lerum, Svíþjóð - **Pigitza Douralé**, f. 12. ágúst 1955 í Grikklandi. Tölvunrfræðingur í Lerum. Dóttir þeirra: a) Anna Helen, f. 1. ágúst 1990.

3 a **Anna Helen Sigurðsson**, f. 1. ágúst 1990 í Lerum í Svíþjóð

Baldur Eiríksson og Hólmfríður Sveinbjörnsdóttir

Baldur Trausti Eiríksson fæddist þann 14. júlí 1913 á Ísafirði og lést þann 13. ágúst 1998 á Siglufirði.

Baldur starfaði lengstum að sjávarútvegi á Siglufirði, en þangað fluttist hann árið 1937 eftir að hafa unnið hluta áranna 1935–36 á fiskmörkuðum í Hamburg-Altona hjá Firma Hermann Wegener og við skrifstofustörf hjá Nordsee Hochseefischerei, GmbH í Cuxhaven. Þegar Baldur kom til Siglufjarðar tók hann við ritstjórn Siglfirðings, blaðs sjálfstæðismanna á Siglufirði. Hann var fréttaritari Vísis í mörg ár, fréttaritari ríkisútvarpsins frá 1946 til 1969. Baldur vann við verslunar- og skrifstofustörf á Siglufirði frá 1938, á skrifstofu Síldarverksmiðja ríkisins 1943–64. Á fyrstu Siglufjarðarárunum kenndi Baldur við Iðnskólann og Gagnfræðaskólann og einnig á stýrimannanámskeiðum sem þar voru haldin. Síðar var hann prófdómari við þessa skóla í mörg ár.

Árin 1964–69 gegndi hann starfi framkvæmdastjóra hjá Útgerðarfélagi Siglufjarðar h.f. Baldur flutti til Akraness eftir rúmlega 30 ára veru á Siglufirði og starfaði þar sem fulltrúi hjá Sementsverksmiðju ríkisins uns hann lét af störfum fyrir aldurs sakir.

Stjórnmálaáhugi Baldurs vaknaði snemma. Hann var kosinn í bæjarstjórn á Ísafirði árið 1935, aðeins 22 ára gamall og sat í nokkrum nefndum. Baldur starfaði fyrir Sjálfstæðisflokkinn alla ævi og fram á síðustu ár. Hann gegndi fjölmörgum trúnaðarstöðum fyrir flokkinn í bæjarmálum á Siglufirði. Hann var bæjarfulltrúi fyrir flokkinn og forseti bæjarstjórnar 1954–1966. Í bæjarráði þar, hafnarnefnd, rafveitunefnd og fyrsti formaður fræðsluráðs Siglufjarðar 1962–66. Hann sótti fundi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fjórðungssambands Norðlendinga fyrir hönd Siglfirðinga og var jafnframt formaður sambandsins um skeið. Baldur sat lengi í kjördæmisráði Sjálfstæðisflokksins í Norðurlandskjördæmi vestra og var formaður þess 1963–64. Eftir að Baldur flutti til Akraness tók hann upp þráðinn frá Siglufirði og átti lengi sæti í fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna á Akranesi, og sat auk þess í skólanefnd Akraness og í yfirkjörstjórn kaupstaðarins. Hann sat einnig í kjördæmisráði flokks síns í Vesturlandskjördæmi.

Baldur var mikill áhugamaður um félagsmál af ýmsum toga. Á Siglufirði var hann m.a formaður Stúdentafélags Siglufjarðar, Sögufélags Siglufjarðar og Norræna félagsins. Á Siglufirði gekk hann til liðs við Rotaryhreyfinguna og var ritari klúbbsins á Siglufirði 1961–63 og forseti 1964–65. Hann var gjaldkeri Rotaryklúbbs Akraness 1972–73 og forseti 1974–75. Hann var umdæmisstjóri Rotaryumdæmisins 1979–80, og sat í fulltrúaráði Rotary Norden 1983–85 sem varamaður og aðalmaður frá 1986. Baldur var útnefndur Paul Harris félagi í Rotary International 1986, en það er æðsta viðurkenning hreyfingarinnar og ber nafn stofnanda hennar. Um langt árabil starfaði Baldur í Frímúrarahreyfingunni. Hann var formaður framkvæmdanefndar um byggingu leiguíbúða á Akranesi 1975–78 og ritari Náttúruverndarsamtaka Vesturlands 1978–80.

Eins og áður er getið var Baldur ritstjóri Siglfirðings 1937–38 og annaðist útgáfu blaðsins 1940–47. Hann var jafnframt í ritstjórn Stúdentablaðs Siglufjarðar 1939–43, ritstjóri blaðsins Snæfell 1982–84. Hann birti greinar m.a. í Sunnudagsblaði Vísis, Morgunblaðinu, Siglfirðingi, Ársriti Garðyrkjufélags Íslands, Heima er bezt og Rotary Norden. Eftir hann liggja í handriti ógrynni af ávörpum og ræðum sem voru fluttar við margvísleg tækifæri.

1d **Baldur Trausti Eiríksson**, f. 14. júlí 1913 á Ísafirði, d. 13. ágúst 1988 á Siglufirði. Framkvæmdastjóri á Siglufirði og síðar fulltrúi á Akranesi. - K. 14. júlí 1943, (skilin), **Hólmfríður Sveinbjörnsdóttir**, f. 22. júlí 1911 á Hámundarstöðum í Vopnafirði, d. 19. sept. 1967. For.: Sveinbjörn Sveinsson, f. 29. apríl 1875 í Selási, Þorkelshólshr., V-Hún., d. 25. apríl 1945. og Guðbjörg Gísladóttir, f. 20. apríl 1874 á Hafursá, Vallahr., S.-Múl., d. 13. júlí 1955. Börn þeirra: a) Birgir, f. 31. okt. 1940, b) Daníel Pétur, f. 3. okt. 1942, c) Kristín Guðbjörg, f. 3. okt. 1942, d) Elsa Magna, f. 30. júlí 1945, e) Drengur, f. 4. febr. 1947, f) Hólmfríður, f. 16. mars 1948, g) Anna Þóra, f. 23. júlí 1950, h) Eiríkur Brynjólfur, f. 24. apríl 1952, i) Drengur, f. 26. febr. 1954. Synir Hólmfríðar: j) Júlíus Pétur Emil Eiríksson, f. 31. ágúst 1935, k) Guðmundur Eiríksson, f. 28 júní 1937 - K. 22. júní 1965, **Aldís Dúa Þórarinsdóttir**, f. 23. sept. 1921 í Reykjavík. Skrifstofumaður og húsmóðir á Akranesi, síðar í Reykjavík. For.: Þórarinn Benedikt Dúason, f. 19. maí 1895 á Akureyri, d. 19. ágúst 1976. Skipstjóri á Siglufirði, Síðar í Reykjavík og Theodóra Oddsdóttir, f. 8. nóv. 1898 í Brautarholti í Reykjavík, d. 20. apríl 1980.

Dúa Þórarinsdóttir

Birgir og Marie Schödt Mortensen seinni kona hans.

2a **Birgir Baldursson**, f. 31. okt. 1940 á Vopnafirði, d. 27. júní 2003. Ólst upp hjá afa og ömmu á Ísafirði. Rafmagnsverkfræðingur. - K. 10. júlí 1959, (skilin), **Ólafía Auðunsdóttir**, f. 17. nóv. 1937 í Reykjavík. Húsfreyja í Reykjavík. For.: Auðunn Sigurðsson, f. 22. sept. 1904 á Hjarðarbóli á Akranesi, d. 4. apríl 1970. Trésmiður og lögregluþjónn, yfirverkstjóri í Reykjavík og k.h. Ragnheiður Sigurðardóttir, f. 8. des. 1909 í Reykjavík, d. 26. jan. 1998. Húsfreyja í Reykjavík. Börn þeirra: a) Ragnar Auðunn, f. 23. jan. 1960, b) Kristján Hólmar, f. 26. sept. 1967. - K. (óg.) **Marie Schödt Mortensen**, f. 1. apríl 1944 í Danmörku. Skrifstofumaður.

Birgir og synirnir Kristján Hólmar og Ragnar Auðunn

3a **Ragnar Auðunn Birgisson**, f. 23. jan. 1960 í Reykjavík. Arkitekt. - K. 15. júlí 1990, **María Vigdís Sverrisdóttir**, f. 1. des. 1963 í Reykjavík. For.: Sverrir Sveinsson, f. 7. jan. 1940 í Reykjavík og Guðrún H. Pétursdóttir Maack, f. 2. apríl 1939 í Reykjavík. Börn þeirra: a) Sæunn, f. 1. maí 1993, b) Arnar Snær, f. 18. des. 1994.

4a **Sæunn Ragnarsdóttir**, f. 1. maí 1993 í Reykjavík.

4b **Arnar Snær Ragnarsson**, f. 18. des. 1994 í Reykjavík.

3b **Kristján Hólmar Birgisson**, f. 26. sept. 1967 í Reykjavík. - K. (óg.) **Gyða Sigurbjörg Karlsdóttir**, f. 20. jan. 1971 á Hvammstanga. Geislafræðingur. For.: Karl Tryggvason, f. 17. febr. 1947 á Hrappsstöðum í Víðidal. Verkamaður og k.h. Ragnhildur Margrét Húnbogadóttir, f. 15. ágúst 1950 í Reykjavík. Gjaldkeri og húsfreyja á Blönduósi síðar skrifstofumaður hjá Rarik.

Þórleif Alexandersdóttir og Daníel Pétur Baldursson

2b **Daníel Pétur Baldursson**, f. 3. okt. 1942 í Siglufirði. Verkstjóri á Siglufirði. - K. 20. júní 1964, **Þórleif Alexandersdóttir**, f. 7. apríl 1940. For.:

Birgitta Karlsdóttir, Baldur Jörgen Daníelsson, Sonja Rut og Daníel Pétur

Alexander Ingimarsson, f. 15. febr. 1917 og Þórleif Friðriksdóttir, f. 27. nóv. 1916, d. 3. nóv. 1994. Börn þeirra: a) Baldur Jörgen, f. 22. febr. 1965, b) Sigurbjörg, f. 17. nóv. 1967, c) Daníel Pétur, f. 21. apríl 1978.

3a **Baldur Jörgen Daníelsson**, f. 22. febr. 1965 á Siglufirði. - K. **Eva Birgitta Karlsdóttir**, f. 5. júlí 1966 í Reykjavík. For.: Kristján Karl Moritz Einarsson, f. 7. júní 1935 í Reykjavík. Sjómaður í Reykjavík og k.h. Eva Pétursdóttir, f. 5. nóv. 1934 á Árskógssandi, Árskógsstrandarhr., Eyjaf. Börn þeirra: a) Daníel Pétur, f. 22. nóv. 1988, b) Sonja Rut, f. 24. júní 1993.

4a **Daníel Pétur Baldursson**, f. 22. nóv. 1988 á Siglufirði.

4b **Sonja Rut Baldursdóttir**, f. 24. júní 1993 á Siglufirði.

Sigurbjörg, Sandra Sif, Sigurður Óskar og Halldór Óskar Sigurðsson

3b **Sigurbjörg Daníelsdóttir**, f. 17. nóv. 1967 á Siglufirði. - M. 15. júlí 1995, **Halldór Óskar Sigurðsson**, f. 14. okt. 1964 í Reykjavík. For.: Sigurður Óskar Halldórsson, f. 23. nóv. 1942 á Akureyri. Flugstjóri í Luxemburg og k.h. Ester Tryggvadóttir, f. 9. jan. 1943 í Reykjavík. Börn þeirra: a) Sigurður Óskar, f. 21. ágúst 1996, b) Sandra Sif, f. 4. sept. 1998.

4a **Sigurður Óskar Halldórsson**, f. 21. ágúst 1996 í Reykjavík.

4b **Sandra Sif Halldórsdóttir**, f. 4. sept. 1998 í Reykjavík.

Daníel Pétur Daníelsson

3c **Daníel Pétur Daníelsson**, f. 21. apríl 1978 á Siglufirði.

Jóhannes Friðriksson og Kristín Baldursdóttir

2c **Kristín Guðbjörg Baldursdóttir**, f. 3. okt. 1942 í Siglufirði. Bankastarfsmaður. - M. 20. júní 1964, **Jóhannes Friðriksson**, f. 3. apríl 1942 á Siglufirði. Rafvirki á Siglufirði. For.: Friðrik Steinn Friðriksson, f. 11. des. 1908 á Siglufirði, d. 19. apríl 1963. Verkstjóri og k.h. (skildu) Þóra Guðmunda Bjarnadóttir, f. 29. ágúst 1912 á Siglufirði, d. 8. okt. 1990 á Siglufirði. Börn þeirra: a) Fríða Kristín, f. 19. júlí 1973, b) Bjarni Friðrik, f. 8. júlí 1976.

Guðmundur Stefán Björnsson
og Fríða Kristín Jóhannesdóttir

